

Úrskurður vegna kæru dags. 27. maí 2003.

**Mál 2/2003**  
**Siglingafélagið Ýmir**  
**gegn**  
**Siglingasamband Íslands**

Samkvæmt 1. tl. 24. greinar laga Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands er kærufrestur til dómstóls ÍSÍ ein vika frá því að atvik átti sér stað eða ástandi lauk ef um ástandsbrof er að ræða.

Að mati undirritaðs uppfyllir kæra kæranda ekki skilyrði 1. tl. 24. greinar áðurnefndra laga, enda ljóst að ekki er um ástandsbrof að ræða, þar sem Siglingasamband Íslands hefur upplýst að umrætt segl, hefur ekki og verður ekki notað aftur.

Þar sem hinn kærði atburður átti sér stað þann 10. maí 2003, en kæra barst til dómstóls ÍSÍ 27. maí 2003, þá er ljóst að kæran barst dómnum ekki innan tilskilins frests.

Af framangreindum ástæðum er máli þessu vísað frá dómi.

Því úrskurðast:

**Máli þessu er vísað frá dómi.**

Selfossi, 30. júní 2003

Ólafur Björnsson hrl. dómsformaður (sign)